

V. HEIMILD TIL GJALDSKRÁRBREYTINGA

Hækki innkaupsverð á raforku, kaupgjald eða verðlag er hreppsnefnd heimilt að fengnum tillögum rafveitunnar, að hækka rafmagnsreikninga um allt að 50% af hækkuninni. Breyting skv. þessari gr. er háð samþykki iðnaðarráðuneytisins.

Innifalin í gjaldskrá eru 33% vegna söluskatts og verðjöfnunargjalds.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. febrúar 1980 sbr. auglýsingu nr. 87/1980 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 441 31. október 1979.

Iðnaðarráðuneytið, 8. febrúar 1980.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

6. febrúar 1980.

Nr. 138.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Gerðahrepps.

I. RAFORKA.

Rafveita Gerðahrepps selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

- 1.1 Um kWst.-mæli á kr. 173.33 hver kWst.
- 1.2 Um kWst.-mæli á kr. 67.81 hver kWst., auk fastagjalds, er nemi kr. 755.53 á ári af hverri einingu gólfplatár í rúmi því, sem lýsa skal. Fyrir verslanir, vinnustofur og skrifstofur skal reikna 1 fermetra í hverri einingu, en fyrir geymslur og ganga 3 fermetra.

B. Almenn heimilisnotkun.

- 2.1 Um kWst.-mæli á kr. 43.33 hver kWst.

C. Vélnotkun.

- 3.1 Um kWst.-mæli á kr. 96.20 hver kWst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds kr. 17 256.60 á hvert uppsett kW vélanna.
- 3.2 Til fiskiðnaðar, með fasttengdum vélum kr. 39.36 hver kWst.
- 3.3 Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla við fisk-, kjöt- eða mjólkuriðnað er yfir 20 kW:
 - a. Um kWst.-mæli á kr. 27.77 hver kWst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar, um hádegið og síðdegis, en þó ekki lengur en 1½ klst. í senn. Notandi kosti klukkurofa fyrir vélalagnir eða tvígjaldsmæli, sem settur er til eftirlits með að rofið sé á tilsettum tíma.
 - b. Um tvígjaldsmæli á kr. 164.50 hver kWst. í 1½ klst. tvisvar sinnum á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó ekki lengur en 1 klst. í senn, en kr. 30.73 hver kWst. utan þess tíma.

3.4 Um mæli á kr. 35 504.00 fyrir hvert kW. mesta notaðs afls á árinu, mælt sem 15 mínútna meðalálág og auk þess kr. 18.74 á notaða kWst.

3.5 Ef ekki eru tók á að mæla mesta notaða afl má selja þannig:

Um mæli á kr. 23 282.00 fyrir hvert uppsett kW. vélanna og auk þess kr. 18.74 á notaða kWst. Ef fasviksstuðull er lægri en 0.85 getur rafveitan krafist af notanda að hann sé hækkaður upp í það gildi.

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra straumfrekra tækja, sem valda truflunum og/eða takmarka notkun þeirra við tiltekinn tíma sólarhrings.

D. Hitun.

4.1 Um kWst.-mæli á kr. 18.00 hver kWst., án rofs.

4.2 Um kWst.-mæli á kr. 10.00 hver kWst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.

4.3 Um kWst.-mæli á kr. 5.00 hver kWst., í 9 klst., á tímanum frá kl. 22.00 til 08.00.

Önnur skilyrði fyrir raforkunotkun til hitunar.

a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.

b. Rafveitan leggur til álagsstýringarrofa og annast viðhald þeirra. Kostar notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim, samkvæmt reglum sem gilda um leigu mæla.

c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir, með sérstökum rofum og hitastillir notaður.

E. Önnur raforkusala.

5.1 Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slikra staða, á kr. 51.56 hverja kWst., enda sé notkunin mæld um sér mæli og suðutæki fasttengd.

5.2 Til nota fyrir vinnuljósagnir meðan á byggingu stendur, um kWst.-mæli á kr. 87.80 hver kWst.

5.3 Til hökunarofna í brauðgerðarhúsum um kWst.-mæli á kr. 12.60 hver kWst. á tímanum frá kl. 22 til 8.30 og kr. 39.36 hver kWst. frá kl. 8.30 til kl. 22.

5.4 Til gatnalýsingar á kr. 30.74 hver kWst.

Alla rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A—1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó að tilskildu samþykki rafveitustjórnar, veita afslátt frá gjaldskrárlið C—E (báðir meðtaldir) á orku, sem notuð er á sumrin, sé um aukningu frá vetrarotkun að ræða. Ennfremur að selja orku eftir sérstökum samningi, sé það hagstætt vegna orkunýtingar rafveitunnar.

F. MÆLALEIGUR.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum, sem hér segir:

1. Af einfasa mælum upp að 30 amp.	kr.	253 pr. mán.
2. Af þrífasa mælum upp að 50 amp.	—	300 pr. mán.
3. Af þrífasa mælum 50 til 200 amp.	—	754 pr. mán.
4. Af þrífasa mælum yfir 200 amp.	—	1 130 pr. mán.
5. Af álagsstýringarliðum	—	1 130 pr. mán.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún eigi enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt 5 580 kr. gjald á skrifstofu rafveitunnar. Ef lokað er fyrir veitu vegna vanskila, skal greiða á skrifstofu rafveitunnar, gjald fyrir enduroppnun kr. 4 266.

HEIMTAUGAGJÖLD

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Rafveitu Gerðahrepps. Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar fyrir fullgerðar húsveitur og bráðabirgðaheimtaugar fyrir byggingastaði.

Aðalheimtaugar.

Heimtauggjöld fyrir aðalheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur/ málraun		Heimtaugargj. kr.	Yfirlengdargjald	
			Jarðstr. kr./m	Loftlína kr./stólpa
63 A	1-fasa	274 760	6 623	87 251
63 A	3-fasa	296 550	7 931	108 910
100 A	—	352 524	8 977	134 987
200 A	—	568 812	Samkv. kostn.	
315 A	—	1 184 178	—	
300 kVA	—	1 654 854	—	
500 kVA	—	2 762 816	—	
800 kVA	—	4 417 314	—	

Bráðabirgðaheimtaugar.

Heimtauggjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur		Stofngjald	Lengdargjald ¹⁾²⁾	
			Jarðstrengur	Loftlína
63 A	1-fasa	48 722	Sama og aðalheimtaugar	
63 A	3-fasa	68 401	Sama og aðalheimtaugar	
100 A	3-fasa	72 536	Sama og aðalheimtaugar	

A merkir málstraum stofnvara í amper.

kVA merkir málstraum spennis í kilóvoltamper, þegar um sér spennistöð er að ræða.

Telji rafveitustjóri að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða spennis, skal notandi greiða mismun samkvæmt gjaldskrá. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar stöðvarinnar. Þegar lóð er lögð til er það rafveitunni gert að kostnaðarlausu og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um

1) Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta úttingiskáp eða rofa í spennistöð að stofnvarkassa eða stofntengikassa í húsveitu.

Sjái eigandi húsveitu um lögð frá úttingiskáp eða rofa í spennistöð að stofnvarkassa eða stofntengikassa húsveitu á sinn kostnað, greiði hann aðeins stofngjald, en annist þá sjálfur viðhald heimtaugarinnar.

2) Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 15 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

stærð og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt hverfi að ræða eða aðstæður óeðlilegar skal greiða heimtaugargjald samkvæmt kostnaðarreikningi. Helmingur heimtaugargjalds skal greiddur við umsókn, en síðari hlutinn áður en notkun hefst.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. febrúar 1980, sbr. auglýsingu nr. 87/1980 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 392 20. september 1979 með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 6. febrúar 1980.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

Nr. 139.

7. febrúar 1980.

ERINDISBRÉF

umboðsfulltrúa dómsmálaráðuneytis.

Starf umboðsfulltrúa er í því fólgið að veita úrlausn fyrirspurnum og erindum fólks, sem telur á hlut sinn gengið í samskiptum við stofnanir ríkisins. Fyrst um sinn mun starf umboðsfulltrúa einkum lúta að dómgæslu, löggæslu og fangelsismálum.

Verkefni umboðsfulltrúa er að leiðbeina fólki um meðferð mála og taka til athugunar einstök umkvörtunarefni. Þá skal hann veita ókeypis lögfræðilega aðstoð eftir því sem efni standa til.

Hver sá sem telur sig rangindum beittan getur leitað til umboðsfulltrúa. Skal hann greina nafn sitt og heimilisfang og láta fylgja öll tiltæk sönnunargögn. Eigi skal taka til meðferðar umkvörtunarefni, sem eldri eru en eins árs, nema sérstakt tilefni sé til.

Umboðsfulltrúi sker úr hvort umkvörtunarefni sé nægilegt tilefni til málsmeðferðar. Umboðsfulltrúi getur tekið upp mál af eigin frumkvæði.

Umboðsfulltrúi skal afla nauðsynlegra upplýsinga um umkvörtunarefni og getur krafist af stjórnvöldum allrar tiltæktrar vitneskju, sem hann þarfnast í því skyni. Á grundvelli þeirra gagna úrskurðar umboðsfulltrúi hvort um sé að ræða brot á góðri stjórnslu. Ef svo er ekki skal hann skýra þá niðurstöðu fyrir umkvörtunaraðila. Komi í ljós að meðferð máls samræmist ekki góðri stjórnslu skal hann tilgreina aðfinnslur sínar í sérstökum úrskurði og birta hann hlutaðeigandi stofnun og ráðuneyti.

Umboðsfulltrúa ber að gæta þagnarskyldu um þau atvik, er honum verða kunn í starfi og eðli máls samkvæmt þurfa að fara leynt, enda séu þau ekki þegar á almenningssviði.

Verði umboðsfulltrúi var við meinbugi í lögum skal hann tilkynna það hlutaðeigandi ráðuneyti og Alþingi.